

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 59/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni**

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Brot gegn 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Kyrrsetning samkvæmt lögum nr. 74/1974.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

#### I.

Eins og greinir í héraðsdómi, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 0.83%, eftir að hann ók bifreiðinni R 39074 nokkurn spöl eftir Suðurlandsvegi við Þjótanda sunnudagsmorguninn 29. maí 1977. Hefur ákærði með akstri þessum gerst brotlegur við lagaákvæði þau, er greinir í I. kafla ákæru.

#### II.

Sannað er með eigin játningu ákærða og framburðum lögreglumanna, sem raktir eru í hinum áfrýjaða dómi, að ákærði hafi ekið nefndri bifreið eftir götum á Seyðisfirði aðfaranótt laugardagsins 16. júlí 1977 undir áhrifum áfengis, mjög hratt og ógætlega og ekki sinnt stöðvunarmerki lögreglumanns. Reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða 1.89%. Varða þessi brot ákærða við þau ákvæði umferðar- og áfengislaga, sem í ákæru og héraðsdómi getur, sbr. og lög nr. 54/1976.

Ákærða er og gefið að sök að hafa stofnað lífi eða heilsu lögreglumannsins Þorbjörns Þorsteinssonar í augljósan háska með því að aka bifreiðinni með ofsahraða um 400 metra vegalengd, er lögreglumaðurinn hékk í henni og dróst með henni. Segir Þorbjörn ákærða hafa orðið þess varan,

er hann náði taki á bifreiðinni, og hafa vitað af sér allan tímann, sem hann dróst með henni.

Ekki verður fullyrt, að ákærði hafi séð eða orðið var við, er lögreglumaðurinn náði taki á bifreið hans. Hann viðurkennir aftur á móti að hafa orðið lögreglumannsins var litlu síðar. Bifreiðina stöðvaði hann þó ekki, heldur ók hann áfram, niður á hafnargarð og þar út í skurð.

Þykir ákærði með þessum akstri sínum hafa gerst brotlegur við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

### III.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ákvörðun refsingar ákærða, frádrátt gæsluvarðhalds hans frá henni, ökuleyfissviptingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar.

Fella ber úr gildi ákvæði hins áfrýjaða dóms um kyrrsetningu þá, er þar getur, sbr. 144. gr. laga nr. 74/1974.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Ásgeirs Ebenezers Þórðarsonar, frádrátt gæsluvarðhalds hans frá henni, ökuleyfissviptingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um kyrrsetningu þá, er þar greinir, er úr gildi fellt.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. mars 1978.

Ár 1978, föstudaginn 31. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadóms-

ara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 110/1978: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni, sem tekið var til dóms 29. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. desember sl., á hendur ákærða, Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni stýrimanni, áður að Sigtúni 35, nú að Laugavegi 27 í Reykjavík, fæddum þar í borg 15. ágúst 1950, „fyrir eftirtalin brot, framin árið 1977:

## I.

Ákærða er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 29. maí ekið bifreiðinni R 39074 undir áhrifum áfengis stuttan spöl eftir Suðurlandsvegi frá bænum Þjótanda við Þjórsárbrú.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

## II.

Ákærða er enn gefið að sök að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. júlí ekið sömu bifreið undir áhrifum áfengis frá félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði um götur kaupstaðarins.

Er lögreglumenn gáfu ákærða stöðvunarmerki, þar sem hann ók vestur Austurveg, hélt hann áfram akstrinum án þess að sinna því, með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukku-stund og af mikilli óvarkární um götur bæjarins. Er ákærði hafði linn akstrinum á Ránargötu við Fjörð og lögreglumenn hugðust handtaka hann, ók hann enn af stað með offorsi, þannig að lög-regluþjónninn Þorbjörn Þorsteinsson, Baugsvegi 5 þar í kaupstaðnum, dróst með bifreið ákærða um 400 metra vegalengd, og stofnaði ákærði á þennan hátt lífi eða heilsu lögregluþjónsins í augljósan háska. Ákærði hélt áfram akstrinum, uns bifreið hans hafnaði í skurði á hafnargarðinum.

Telst ofangreint atferli ákærða varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 1., 2. og 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.“

Málavextir eru þessir:

I.

Sunnudagsmorguninn 29. maí sl., um klukkan 0545, voru tveir lögreglumenn úr Reykjavík staddir í umferðareftirliti í lögreglu-bifreið á Suðurlandsvegi skammt frá samkomustaðnum Þjótanda. Þeir veittu þá athygli bifreiðinni R 39074, sem ekið var eftir Suðurlandsvegi, og fannst þeim akstur bifreiðarinnar nokkuð óruggur. Þeir stöðvuðu því akstur bifreiðarinnar og höfðu tal af ökumanni hennar, ákærða Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni. Þegar þeir ræddu við hann, fundu þeir talsverða áfengislykt leggja frá vitum hans.

Ákærði var færður á lögreglustöðina á Selfossi og þar tekin af honum varðstjóraskýrsla. Skýrði ákærði þá svo frá, að hann hefði drukkið einn sofa af whisky fyrir miðnætti.

Brynleifur Steingrímsson héraðslæknir tók ákærða blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 6 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 0.83‰.

Í varðstjóraskýrslunni kemur fram, að auk talsverðs áfengisþefs af andardrætti ákærða hafi augu hans verið vot, en ekki er getið annarra einkenna um áfengisneyslu af hans hálfu.

Við meðferð málsins skýrir ákærði svo frá, að hann hafi snemma greindan morgun ekið bifreiðinni R 39074 örstuttan spotta, ekki yfir 150 metra, eftir Suðurlandsvegi frá bænum Þjótanda við Þjórsárbrú og þar til akstri lauk fyrir afskipti lögreglu. 10—15 mínútum áður en ákærði ók af stað, hafði hann drukkið einn sofa af whisky við Þjótanda. Kvöldið áður hafði ákærði verið á dansleik og drukkið eitthvað af áfengi. Hann kveðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en hann kveðst hafa ekið bifreiðinni til þess að leggja henni í betra bifreiðastæði.

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi ekið svo sem áður var rakið. Hins vegar er ósannað gegn neitun ákærða og með hliðsjón af útliti hans, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Allt að einu gat ákærði þó ekki með hliðsjón af alkóhólmagni í blóði stjórnað ökutæki örugglega í skilningi 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Er ákærði því brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, en brot ákærða varðar ekki við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

## II.

Aðfaranótt laugardagsins 16. júlí sl. voru þrír lögreglumenn í umferðareftirliti í lögreglubifreið á Seyðisfirði. Samkvæmt skýrslu, sem einn þeirra hefur gert, gáfu þeir bifreiðinni R 39074 stöðvunarkerki klukkan 0130, þar sem hún kom á mikilli ferð vestur Austurveg. Gaf þá ökumaður bifreiðarinnar henni inn og beygði suður Brekkugötu. Veittu lögreglumennirnir bifreiðinni eftirför, og var henni ekið suður Brekkugötu, vestur Túngötu, norður Suðurgötu og yfir brúna og áfram norður Ránargötu og niður á Haföldu og þar um svæðið og til baka suður Ránargötu, en þar komst lögreglubifreiðin fram úr bifreiðinni og var stöðvuð rétt framan við hana. Fóru þá tveir lögreglumannanna út úr lögreglubifreiðinni og hlupu að hinni bifreiðinni. Náði annar þeirra, Þorbjörn Þorsteinsson, sem ritar lögregluskýrsluna, taki á hurð farþegamegin. Segir Þorbjörn í skýrslu sinni, að ökumaður bifreiðarinnar hafi séð, þegar hann náði taki á bifreiðinni, og gefið þá allt inn. Dróst Þorbjörn með bifreiðinni ca 400 metra. Þá segir Þorbjörn í skýrslu sinni, að ökumaðurinn hafi á þessum kafla alltaf verið að líta á sig. Þegar Þorbjörn slepti taki á bifreiðinni, var hún byrjuð að hendast til að aftan. Var bifreiðin á þessum kafla á ofsalegri ferð. Þegar Þorbjörn slepti takinu, kútveltist hann langar leiðir. Komu lögreglumennirnir, félagar hans, að honum og fluttu á sjúkrahús, þar sem gert var að sárum hans. Í skýrslu Þorbjörns kemur fram, að þegar lögreglubifreiðin var á eftir bifreiðinni R 39074, hafi hún verið á allt að 80—90 mílna hraða miðað við klukkustund.

Skömmu síðar náðist ökumaður bifreiðarinnar R 39074, ákærði Ásgeir Ebenezer, þar sem hann hafði ekið út í skurð niður á hafnargarði. Var ákærði áberandi undir áhrifum áfengis og fluttur á sjúkrahús til töku á blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Var það framkvæmt af Sigurði Árnasyni héraðslækni. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.89‰.

Tekin var varðstjóraskýrsla af ákærða klukkan 2 um nóttina. Við þá yfirheyrslu viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni R 39074 frá félagsheimilinu Herðubreið áleiðis að Farfluglaheimilinu, enda þótt hann hefði drukkið ca eina flösku af Campari ásamt öðrum í félagsheimilinu og víðar frá klukkan 1800 daginn áður og fram til þess, að hann var handtekinn. Kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og

hefði hann drukkið einn stóran sofa af Martini, eftir að akstri lauk.

Í skýrslu Ríkharðs J. Björgvinssonar, sem tók varðstjóráskýrsluna, segir, að augu ákærða hafi verið vot, jafnvægi óstöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Ákærði var yfirheyrður fyrir sakadómi Seyðisfjarðar næsta dag. Í þessari yfirheyrslu staðfesti ákærði, að rétt væri eftir sér haft í varðstjóráskýrslunni og hefði hann neytt áfengis, áður en hann ók bifreiðinni.

Ákærði kveðst kannast við að hafa mætt lögreglubifreið tvisvar, þegar hann ók frá félagsheimilinu. Í síðara skiptið hóf lögreglubifreiðin eftirför, en ákærði reyndi að komast undan vegna þess, að hann hafði neytt áfengis. Hann kannast við að hafa hálfpartinn misst stjórn á bifreiðinni í beygju nálægt sjúkrahúsínu, en getur ekki giskað á, hver ökuhraðinn hafi verið. Ákærði kannast einnig við að hafa keyrt hratt og ógætilega, eftir að hann kom yfir brúna, en getur ekki sagt til um hraðann. Segir ákærði, að bifreiðin komist ekki á nema 130 km hraða. Skammt frá bæjarbyggjunni sneri ákærði við og ók sömu leið til baka. Lögreglubifreiðin komst þá fram fyrir ákærða og stöðvaðist þversum á veginum ca 150 metra fyrir framan hann. Ákærði sneri þá við og sá lögreglumenn koma hlaupandi í rykmekki. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að lögreglumaður hengi í bílnum, fyrr en hann hafði ekið nokkurn spöl. Segir ákærði, að sér hafi orðið svo hverft við, þegar hann kom auga á manninn, að hann muni ógerla eftir, hvað gerðist eftir það. Ákærði ók síðan bifreiðinni út á hafnaruppfyllingu, þar sem hann festi hana í gryfju.

Í lok þessarar yfirheyrslu var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Ákærði var yfirheyrður að nýju 22. júlí sl. og honum þá m. a. kynnt áðurgreind lögregluskýrsla Þorbjörns Þorsteinssonar, sem hann gerði enga aðra athugasemd við en þá, að bifreið hans, sem væri Toyota Corolla, árgerð 1974, næði ekki nema 125 km hraða, ef ekki væri þá ekið undan brekku eða vindi á steiptum vegi. Telur ákærði ómögulegt, að hann hafi náð 80—90 mílna hraða. Ákærði segir sem fyrr, að hann hafi séð lögreglumenn koma hlaupandi að bifreið sinni, en ekki orðið var við, að maður hengi í bifreiðinni, fyrr en hann hafði ekið nokkurn spöl. Kveðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í lok þessa þinghalds kyrrsetti dómariinn bifreið ákærða með

heimild í 144. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til tryggingar væntanlegum skaðabótum og sakarkostnaði.

Verður nú gerð grein fyrir framburðum lögreglumannanna fjögurra fyrir sakadómi Seyðisfjarðar.

Vitnið Þobjörn Þorsteinsson lögreglumaður, Baugsvegi 5 á Seyðisfirði, kveðst hafa verið í umferðareftirliti ásamt lögreglumönnum Ríkharð J. Björgvinssyni, Páli Jónssyni og Brynjari Guðmundssyni í lögreglubifreiðinni S 1352. Voru þeir á leið inn Austurveg, er ákærði ók á móti þeim út eftir á mikilli ferð. Sneru þeir þá við og óku út Austurveg. Hafði þá ákærði ekið út undir hús kaupfélagsins og snúið þar við og ók inn Austurveg. Var ákærða gefið stöðvunarmerki við Brekkugötu. Ekki sinnti ákærði því, heldur beygði upp og suður Brekkugötu og ók síðan eins og áður er fram komið. Vitnið ók lögreglubifreiðinni allan tímann á eftir bifreiðinni. Ferðin var það mikil, að vitnið hafði ekki möguleika á að fylgjast nákvæmlega með hraðamælinum, en þegar ekið var eftir slétta kaflanum á Ránargötu, sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar um 90 mílna hraða. Telur vitnið, að þá hafi hvorki dregið sundur né saman með bifreiðunum. Lögreglumönnum tókst síðan að komast fram fyrir ákærða á Ránargötu á móts við Fjörð, eftir að ekið hafði verið niður á Haföldu og þar um svæðið. Tókst vitninu að ná taki á hurðinni farþegamegin. Er vitnið þess fullvisst, að ákærði varð þess þá var og vissi af vitninu allan tímann. Vitnið kveðst ekki muna eftir sér allan tímann, sem það dróst með bifreiðinni, þar sem það fékk högg á höfuðið, er það slóst í bifreiðina. Man það ekki fyrr en það dróst eftir götunni, og höfðu þá skór og sokkar dregist af báðum fótum. Kveðst vitnið þá hafa vegið sig upp og hafi ákærði ætlað að slá sér af bifreiðinni, því að hún fór að slást til að aftan. Notaði vitnið þá tækifærið og lét sig falla á bakið í sveiflu sinni frá bifreiðinni.

Vitnið Páll Sigurgeir Jónsson lögreglumaður, Múlavegi 11 á Seyðisfirði, skýrir svo frá, að það telji hraðann á R 39074 hafa verið mjög mikinn, og álítur, að ákærði hafi ekið á 120 km hraða um Suðurgötu og Túngötu og hraðar á Ránargötu, bæði norður hana og svo aftur, þegar hann ók hana í suður. Virtist vitninu ákærði lítið slá af í beygjum og akstur hans hafi því verið hinn glannalegasti í alla staði. Vitnið kveðst ekki hafa fylgst nákvæmlega með hraðamæli lögreglubifreiðarinnar, en þegar ekið var inn á Túngötu, sá það, að mælirinn stóð í 70 mílum, og leist vitninu þá ekkert á, þar sem Túngatan er mjög þröng gata og bif-

reiðum lagt beggja vegna. Er vitnið þess fullvisst, að hraði R 39074 var meiri en 70 mílur, þegar komið var neðar á Túngötu, á Suðurgötu og á Ránargötu.

Þeim lögreglumönnum tókst síðan að stöðva bifreiðina, og fóru vitnið og Þorbjörn út úr lögreglubifreiðinni.

Þorbjörn náði taki á bifreiðinni hægra megin, og var þá bifreiðin komin á svolitla ferð. Vitnið hljóp að vinstra megin, en var það seinna en Þorbjörn, að það náði ekki til að grípa í bifreiðina, enda jókst ferð hennar stöðugt. Bifreiðin spólaði af stað og rótaði upp miklum rykmekki. Vitnið sá, að Þorbjörn hljóp fyrst með bifreiðinni, en síðan hékk hann í henni. Sá vitnið síðar, er Þorbjörn hafði vegið sig upp, að ákærði reyndi að hrista hann af bifreiðinni með því að láta hana slást til. Vitnið sá hins vegar ekki, þegar Þorbjörn féll í götuna.

Vitnið telur það mesta mildi, að Þorbjörn skyldi ekki meiðast meira, þar sem ferðin á bifreiðinni, á meðan hann hékk í henni, var mjög mikil. Telur vitnið ákærða hafa verið undir áfengisáhrifum, en ekki áberandi ölvaðan, en í þau orð leggur vitnið þann skilning, að menn séu talsvert drukkniir. Þá telur vitnið, að ákærði hafi vitað af þeim Þorbirni báðum, er þeir komu að bifreiðinni. Voru rúðurnar í hurðunum dregnar niður að fullu bílstjóramegin, en að hálfu farþegamegin. Horfði ákærði fyrst á vitnið, en síðan á Þorbjörn. Kölluðu þeir báðir til ákærða að stöðva bifreiðina.

Vitnið Ríkharð Júlíus Björgvinsson lögreglumaður, Múlavegi 17 á Seyðisfirði, segir, að akstur ákærða hafi verið mjög hraður og vítaverður. Vitnið kveðst ekki hafa fylgst með hraðamæli lögreglubifreiðarinnar. Það hafði augun á bifreiðinni R 39074 allan tímann, en mikið ryk var á götunum. Vitnið telur alveg áreiðanlegt, að hraði R 39074 hafi verið minnstur 90 km og víða talsvert meiri.

Þegar komið var fram fyrir R 39074 á móts við Fjörð, fóru Þorbjörn og Páll að bifreiðinni sitt hvorum megin. Sá vitnið síðan, að bifreiðin hvarf í rykmekki. Kom Páll síðan út úr mekkinum og sagði þeim, að Þorbjörn hefði farið með bifreiðinni, utan á henni. Vitnið settist undir stýri lögreglubifreiðarinnar og ók á eftir ákærða. Er það hafði ekið nokkur hundruð metra, komu þeir þar að, er Þorbjörn lá í götunni.

Vitnið tók varðstjóráskýrsluna af ákærða og staðfesti hana fyrir dóminum. Kveður vitnið ákærða hafa verið áberandi ölvaðan og áfengisþef hafa verið sterkan af honum. Vitnið segir,

að ákærði hafi viðurkennt allt fyrir þeim. Hafi hann haft þau orð, að svona færi, þegar maður ætli að leika „cool gæja“.

Vitnið Brynjar Guðmundsson lögreglumaður, Baugsvegi 5 á Seyðisfirði, segir, að alla eftirförina hafi ákærði ekið mjög hratt og vítavert. Álitur vitnið, að bifreið ákærða hafi náð 130—140 km hraða, þegar hraðast var ekið. Þegar tókst að komast fram fyrir bifreiðina, stukku Þorbjörn og Páll út úr lögreglu-bifreiðinni og að bifreið ákærða sitt hvorum megin. Náði Þorbjörn taki á bifreiðinni, en hvarf síðan með henni í rykmekki. Páll hrópaði til vitnisins og Ríkharðs, að Þorbjörn væri fastur við bifreiðina og drægist með henni. Urðu þeir skelfingu lostnir, þar sem bifreiðinni var ekið mjög hratt út Ránargötuna og síðan beygt niður að hafnargarðinum.

Telur vitnið með ólíkindum og hina mestu mildi, að ekki skyldi verða meira slys. Virtist vitninu ákærði mjög ölvaður, þegar hann var handtekinn.

Í áverkavottorði Sigurðar Árnasonar héraðslæknis segir svo um meiðsli Þorbjörns Þorsteinssonar:

„Ofangreindur maður kom á slysastofu sjúkrahúss Seyðisfjarðar um kl. 0200 (ekki nákvæmur tími) aðfaranótt laugardagsins 16. júlí 1977 og kvaðst hafa dregist með bíl, sem hann var að stöðva. Var hann, þ. e. sj., allur lemstraður, þannig að hann gat tæplega gengið uppréttur, og haltur var hann beggja vegna. Skoðun leiddi í ljós talsvert grunnt hrúfl, mest á fótum, en einnig hér og hvar um kroppinn. Engin djúp sár. Mest eymsli voru yfir öklabeini hæ. fótár, en ekki var mér unnt að greina þar brot á rtg.mynd. Myndin var send til nánari greiningar á rtg.deild Borgarspítalans. Þúíð var um sárin á venjulegan hátt. 18. júlí 1977: Mar er nú víða komið út á kropp og útlimum, og á þeim stöðum eru palpásjónseymsli. Þorbjörn er enn mjög stirður, og litlar hreyfingar virðast valda honum kvölum. Hann verður áfram í sárameðferð daglega og undir nánara eftirliti.“

Í áverkavottorði Sigurðar Árnasonar héraðslæknis, dagsettu 12. ágúst sl., segir svo um skoðun á Þorbirni Þorsteinssyni:

„Jeg hefi í dag skoðað Þorbjörn, og er hann nú gróinn sára sinna að mestu. Þó eru eftir sár utanvert og aftanvert á öklanum hæ. megin, sem eru á góðri leið að gróa, ca. 1.0x0.5 cm. Ennfremur er sá öklinn aumur vægt við þreifingu og fremur stirður miðað við þann vinstri. Ekki áberandi skert hreyfigeta passift, og virðist stirðleikinn af múskúler týpu, enda var maðurinn mjög marinn á vöðvasvæði kálfans. Á vinstri fæti er smásár að

gróa á móts við PIP I innanvert á stórutá. Þar eru svolítill eymsli, en ekki áberandi hreyfingarhindrun.

Um annað kvartaði Þorbjörn ekki“.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, eigin játningu ákærða og framburði framangreindra fjögurra vitna er sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 39074 undir áhrifum áfengis greint sinn og án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu. Með framburðum vitnanna Þorbjörns og Páls Sigurgeirs, sem studdir eru framburðum hinna vitnanna, þykir sannað, að ákærði hafi ekið á eitt-hvað yfir 100 km hraða við eftirför lögreglunnar, enda þótt ekki sé hægt að fullyrða, að hann hafi komist á allt að 140 km hraða. Þá er einnig komin fram sönnun fyrir því með framburði vitnanna fjögurra, að ákærði hafi ekið um 400 metra vegalengd með vitnið Þorbjörn hangandi utan í bifreið sinni, og þykir sann- að með framburði vitnanna Þorbjörns og Páls Sigurgeirs, að ákærða hafi verið kunnugt um, að vitnið Þorbjörn hékk utan á bifreiðinni.

Háttsemi ákærða varðar við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 1. og 2. mgr. og a, c og d liði 3. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1965 2/11 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 28. gr. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1966 26/1 Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1967 20/1 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 14. gr. umferðarlaga.
- 1969 7/11 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 1/12 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og 1. gr. og 8. gr. laga nr. 21/1957.
- 1970 28/12 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 28/12 1970.
- 1971 6/7 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 106. gr. hegningarlaga.
- 1972 17/8 Akureyri: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969.

- 1973 20/7 Hafnarfirði: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.
- 1974 12/3 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 26. gr., 37. gr. og 41. gr. umferðarlaga.
- 1975 4/9 Reykjavík: Ávana- og fíkn.: Sátt, 125.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr. reglugerðar nr. 390/1974, en áður við 5., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. 2. gr. hegningarlaga.
- 1977 19/12 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 2. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Brot ákærða eru framin fyrir uppsögu dómsins frá 19. desember sl., og ber því að ákvarða ákærða nú refsingu með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákvarða ákærða nú í einu lagi refsingu fyrir þau brot, sem hann var dæmdur fyrir 19. desember sl., og brot þau, sem hann er nú sakfelldur fyrir. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði, en ekki þykir fært að skilorðsbinda refsinguna, enda telur dómurinn, að refsing ákærða hefði ekki verið gerð skilorðsbundin 19. desember sl., ef þá hefði verið dæmt um öll brotin í einu lagi.

Í dóminum frá 19. desember sl. var ákveðið, að gæsluvarðhald ákærða frá 15. til 22. desember 1975 skyldi koma refsingu hans til frádráttar, ef hún kæmi til framkvæmda. Ber því að láta framangreint gæsluvarðhald koma refsingunni til frádráttar.

Ákærði hefur með akstri sínum í framangreind tvö skipti unnið sér til ökuleyfissviptingar, svo sem krafist er í ákærinni og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Vegna þess, hversu yngra brot ákærða er alvarlegt, þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt. Ákærði var, eins og þegar er fram komið, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða í þinghaldi í sakadómi Seyðisfjarðar 16. júlí sl. Þá var ákærði einnig sviptur ökuréttindum til bráðabirgða vegna fyrra málsins með úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík 1. september sl. Þar sem ákærði var þá þegar sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, verður að líta á síðari sviptinguna sem markleysu. Verður ákærði því sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16. júlí sl.

Í máli þessu er ekki ákært til greiðslu skaðabóta, og engin skaðabótakrafa hefur borist frá Þorbirni Þorsteinssyni þrátt fyrir það, að hann hafi lýst því yfir í sakadómi Seyðisfjarðar 26. júlí sl., að hann mundi gera það, þegar ljósar lægi fyrir, hvernig honum mundi reiða af. Með hliðsjón af síðara læknisvottorðinu, sem gerð var grein fyrir hér á undan, hefur vitnið Þorbjörn haft meira en hálf títíl til þess að koma skaðabótakröfu sinni á framfæri. Þykir því ekki ástæða til þess að tefja málið vegna væntanlegrar skaðabótakröfu hans. Þar sem engin skaðabótakrafa liggur frammi í málinu og ekki er vani að kyrrsetja eigur sakborninga til tryggingar greiðslu málskostnaðar, þykja eigi lengur vera fyrir hendi skilyrði til þess að viðhalda kyrrsetningu þeirri, sem lögð var á bifreiðina R 39074 hinn 22. júlí, og er hún felld úr gildi.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

#### Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Ebenezer Þórðarson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal dragast gæsluvarðhald ákærða frá 15. til 22. desember 1975.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16. júlí 1977 að telja.

Felld er úr gildi kyrrsetning bifreiðarinnar R 39074, sem lögð var á hana í sakadómi Seyðisfjarðar 22. júlí 1977.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.